



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# AUSTURRÍSKIR TÓNJÖFRAR

---

20. SEPTEMBER 2012





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

---

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

---

### Áætluð tímalengd verka:

*Sellókonsert Haydns: 29'00"*

*Niunda sínfónía Bruckners: 66'00"*

*Coptic Light: 30'00"*

BAKHJARLAR:

---



GAMMA

---

Áður en Eftirleikur hefst verður gert hlé. Ilan Volkov kynnir Coptic Light og athygli er vakin á að sætaval er frjálst.

# AUSTURRÍSKIR TÓNJÖFRAR

FIMMTUDAGURINN 20. SEPTEMBER 2012 » 19:30

---

**Ilan Volkov** hljómveitarstjóri  
**Bryndís Halla Gylfadóttir** einleikari

---

**Joseph Haydn**

*Sellókonsert nr. 1 í C-dúr (1765)*

*I. Moderato*

*II. Adagio*

*III. Allegro molto*

**Hlé**

---

**Anton Bruckner**

*Sinfónía nr. 9 í d-moll (1896)*

*I. Feierlich, Misterioso*

*II. Scherzo. Bewegt, lebhaft – Trio. Schnell*

*III. Adagio. Langsam, feierlich*

---

EFTIRLEIKUR » 22:00

**Morton Feldman**

*Coptic Light (1985)*



## ILAN VOLKOV

hljómsveitarstjóri

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (f. 1976), hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonsert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmoníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov hefur einnig stjórnað fjölda ópera.

Ilan Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut til að mynda Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af tónverkum Benjamins Britten.



## BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR

einleikari

Bryndís Halla Gylfadóttir (f. 1964) nam sellóleik við Tónlistarskóla Reykjavíkur undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Að loknu einleikarprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur árið 1984 lá leið hennar til Boston til frekara náms, við New England Conservatory þar sem Colin Carr og Lawrence Lesser voru kennarar hennar.

Bryndís Halla Gylfadóttir hefur verið leiðandi sellóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1990 og hefur þess utan verið virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi, bæði sem einleikari og í kammertónlist. Hún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir sellóleik sinn og má þar nefna Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins og Íslensku tónlistarverðlaunin. Bryndís Halla er meðlimur í Trio Nordica og Caput-hópnum. Hún hefur leikið inn á fjölda geisladiska með íslenskum og erlendum listamönnum. Auk þess að vera mjög virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi leikur Bryndís Halla reglulega á tónleikum í Evrópu og Asíu. Bryndís Halla hefur margsinnis áður komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



## JOSEPH HAYDN

Sellókonsert nr. 1 í C-dúr

Joseph Haydn (1732-1809) er án nokkurs vafa eitt afkastamesta tónskáld tónlistarsögunnar, að minnsta kosti ef litið er til fjölda tónverka. Haydn fékk stöðu sem aðstoðarkapellumeistari hjá Esterházy fjölskyldunni árið 1761, þá tæplega þrítugur að aldri. Hlutverk hans var að semja og sjá um flutning á veraldlegri tónlist fyrir Esterházy greifa og hirð hans, á meðan kapellumeistarinn sá um trúarlega tónlist. Staða Haydns við hirð Esterházy voru sannkallaðar kjöraðstæður fyrir hið unga tónskáld til þess að semja og þróa verk sín. Hann hafði hljómsveit til taks til þess að leika verk sín og fínþússa stíl sinn, sem hafði mikil áhrif á önnur tónskáld klassíska tímabilsins.

Af öllum þeim fjölda verka sem Haydn samdi er fremur lítill hluti þeirra í konsertformi. Allt fram til ársins 1961 var talið að Haydn hefði aðeins samið einn sellókonsert, konsertinn í D-dúr. Þó vissu fræðimenn um tilvist konserts í C-dúr sem talið var að hefði glatast og var verkið skráð sem slíkt í verkaskrá tónskáldsins. Árið 1961 fann fræðimaðurinn Oldrich Pulkert sellókonsertinn í C-dúr á Þjóðskjalasafninu í Prag, nærri tveimur öldum eftir að verkið var samið. Sellókonsertinn í C-dúr er án vafa eitt allra besta verk Haydns í konsertformi og öðlaðist um leið sess sem eitt af lykilverkum fyrir selló frá klassíska tímabilinu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Sellókonsert Haydns í C-dúr hefur hljómað alls sjö sinnum áður í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einleikarar með hljómsveitinni hafa verið; Erling Blöndal Bengtsson (1965) Hafliði Hallgrímsson (1968 og 1980) Mstislav Rostropovitsj (1978), Carmel Russill (1985) Arto Noras (1990) og Sigurgeir Agnarsson (2004).*



## ANTON BRUCKNER

Sinfónía nr. 9 í d-moll

Anton Bruckner (1824-1896) hóf vinnu við níundu sinfóníu sína sumarið 1887, skömmu eftir að hann hafði lokið við þá áttundu, en lagði þá níundu fljótlega til hliðar. Vinur Bruckners, hljómsveitarstjórinn Hermann Levi, neitaði að stjórna frumflutningi áttundu sinfóníunnar því hann sagðist ekki skilja hvað tónskáldið væri að fara með sinfóníunni.

Þetta fékk mjög á Bruckner sem ávallt hafði haft lítið sjálfstraust þegar kom að eigin verkum. Bruckner sökkta sér í vægðarlausu sjálfsgagnrýni og hóf að endurskoða fyrri sinfóníur sínar og eyddi til verksins nokkrum árum og þar með dýrmætum tíma.

Þessar endurbætur Bruckners á eigin verkum þykja iðulega til lítilla bóta og eru verk hans oftast flutt í dag í sinni upprunalegu mynd. En það var ekki einungis tónskáldið sjálf sem sá sig knúið til að endurskoða verk sín, kollegar og nemendur hans stunduðu þessa iðju með enn minni árangri en endurskoðanir tónskáldsins skiluðu.

Þegar Bruckner hófst handa á ný við níundu sinfóníu sína árið 1891 gerði heilsubrestur fljótlega vart við sig og varð Bruckner ljóst að þetta yrði að öllum líkindum síðasta sinfónía hans. Fyrstu þremur köflunum lauk Bruckner í árslok árið 1894 en hann vann að lokakaflanum allt til dauðadags. Alls eru 200 blaðsíður til með skissum og drögum að lokakafla níundu sinfóníunnar og hafa tónlistarfræðingar reynt að fullgera sinfóníuna í um hálfra öld en ekki tekist með sannfærandi hætti. Því heyrum við níundu sinfóníu Bruckners eins og hann skildi við hana og án lokakafla. Sinfónían er engu að síður stórfenglegur endir á ferli eins frumlegasta meistara hins sinfóníska forms.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Niunda sinfónía Antons Bruckner er nú flutt í þriðja sinn af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún var flutt í fyrsta sinn á Íslandi í desember árið 1985 undir stjórn Karolos Trikolisis og öðru sinni árið 2002 undir stjórn Stanislaw Skrowaczewski á eftírminnilegum tónleikum.

## EFTIRLEIKUR



## MORTON FELDMAN

Coptic Light

Hið hálf tíma langa Coptic Light (1985) eftir Morton Feldman (1926-1987) er fremur stutt og laggott sé horft til ferils Feldmans og lengdar verka hans. Titill verksins vísar í koptískan vefnað teppa frá Austurlöndum sem var Feldman hugleikinn. Tilurð verksins er sú að Feldman heimsótti Louvre listasafnið í París og skoðaði ævaforan koptískan vefnað. Hann heillaðist mjög af þéttofnum mynstrum og litum klæða og teppa og taldi sig geta séð sögu og menningu Austurlanda í handverkinu. Áferð Coptic Light endurspeglar að mörgu leyti hið forna handverk Austurlanda en tónverkið er afar þéttofið og marglaga sem gerir það að verkum að þegar hlustandinn telur sig greina mynstur verksins er það flogið framhjá og ný lög áferðar og lita komin í staðinn. Örhendingar birtast hér og þar í hljómsveitinni og er eins og þau bergmáli innan hljómsveitarinnar með mögnuðum áhrifum. Feldman var vanur að semja tónlist sína við píanóið og hann mun stundum hafa minnst þeirra orða Jean Sibeliusar að sinfóníuhljómsveit væri ekkert ósvipuð píanóinu, en þó án pedals.

Um Coptic Light sagði hann sjálfur að hann hafi reynt að búa til einskonar pedal á sinfóníuhljómsveitina. Óhætt er að segja að Feldman hafi tekist það, þar sem langar endurteknar hendingar og þéttriðinn hljóðheimurinn flæðir áfram með kyngimagnaðri útkomu.

Helgi Jónsson

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Verk Mortons Feldman eru sjaldheyrd á Íslandi og hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands aldrei áður flutt hljómsveitarverk eftir tónskáldið. Á Tectonics-tónlistarhátíðinni sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stóð fyrir flutti píanóleikarinn John Tilbury einleiksverkið Palais de Mari frá árinu 1986. Auk þess má nefna að tónlistarhópurinn Adapter flutti verkið For Philip Guston eftir Feldman á tónlistarhátíðinni FRUM árið 2007.



Á DÖFINNI



## UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Sunnudagur 30.09.12 kl. 14:00

### FERÐ UM ÓRAVÍDDIR HIMINGEIMSINS

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands flytur verkið Pláneturnar, eitt af vinsælustu hljómsveitarverkum 20. aldarinnar. Tónmál reikistjarnanna ómar undir sjónrænni upplifun úr stjörnuhimninum og raddir Stúlknakórs Reykjavíkur berast úr órafjarlægð.

### GUSTAV HOLST

Pláneturnar

**Baldur Brönnimann** hljómsveitarstjóri  
**Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands**  
**Stúlknakór Reykjavíkur**  
**Margrét J. Pálmadóttir** kórstjóri

### TÖFRAVERÖLD DISNEYS

Fimmtudagur 27.09.-29.09.12

Töfraveröld Disneys eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna þar sem áheyrendum er boðið upp á einstaka upplifun með tímalausum myndum Disneys sem sýndar eru meðan á tónlistarflutningi stendur.

**David Danzmayr** hljómsveitarstjóri  
**Felix Bergsson** kynnir og einsöngvari  
**Stefán Hilmarsson** og  
**Valgerður Guðnadóttir** einsöngvarar

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

20. september 2012

## 1. FIDLA

Nicola Lolli  
Sif Margrét Tulinius  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Zbigniew Dubik  
Martin Frewer  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Andrzej Kleina  
Lin Wei  
Rut Ingólfssdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Pálína Árnadóttir

## 2. FIDLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Roland Hartwell  
Christian Diethard  
Gunnhildur Daðadóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Þórdís Stross  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Lilja Hjaltadóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Helga Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Sesselja Halldórsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Vigdís Másdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Auður Ingvadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Guðný Jónasdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Borgar Þór Magnússon  
Úlfar Ingi Haraldsson  
Alexandra Kjeld

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau  
Emelía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir  
Guðrún Másdóttir

## KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir  
Ármann Helgason  
Rúnar Óskarsson  
Sigurður I. Snorrason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Darri Mikaelsson  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir  
Anna Sigurbjörnsdóttir  
Sturlaugur Jón björnsson  
Jakob Keiding

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
Einar Jónsson  
David Bobroff

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir  
Valgeður Auður Andrésdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson



# TÓNLEIKAKYNNINGAR MEÐ NÝJU SNIÐI

Í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á tólf tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa súpu, brauð og kaffi. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu.

Tónleikakynningar í gulri og rauðri röð eru í umsjá Helga Jónssonar tónlistarfræðings en tónleikakynningar í grænni röð eru í umsjá Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

## Gula röðin - kynningar

**Austurrískir tónjörfrar** Fim. 20.09.12

**Pohjonen spilar Mozart** Fim. 15.11.12

**Haydn, Mozart og Grieg** Fös. 18.01.13

**Skoska sínfónían og Wagner** Fös. 05.04.13

## Rauða röðin - kynningar

**Upphafstónleikar** Fim. 13.09.12

**Þýskir snillingar** Fim. 11.10.12

**Mahler og Bernstein** Fim. 24.01.13

**Vorblót** Fim. 11.04.13

## Græna röðin - kynningar

**Fröst snýr aftur** Fim. 04.10.12

**Víkingur spilar Keisarakonsertinn**

Fim. 08.11.12

**Draumórasínfónían** Fim. 14.03.13

**Mendelssohn og Tsjajkovskíj** Fim. 16.05.13